

EFNI:

Biðlistar eftir
völdum aðgerðum
í október 2012

bls.
1

Starfsleyfi
heilbrigðisstétta
2012

bls.
3

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

BIÐLISTAR EFTIR VÖLDUM AÐGERÐUM Í OKTÓBER 2012

Embætti landlæknis hefur staðið fyrir innköllun og úrvinnslu á biðlistaupplýsingum allt frá árinu 1986 með hléum. Frá árinu 2007 hafa biðlistar verið kallaðir inn reglulega þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Gagnasöfnunin er hluti af lögbundnu eftirlitshlutverki landlæknis, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.


Upplýsingar um biðlista eftir völdum skurðaðgerðum eru birtar reglulega með ítarlegum skýringum á vef embættisins. Eingöngu eru birtar upplýsingar um fjölda þeirra sem beðið hafa **lengur en þrjá mánuði** eftir aðgerð. Staðan á biðlistum í október 2012 liggur nú fyrir. Athygli vekur að bið eftir skurðaðgerð á augasteini og aðgerðum vegna legsigs og brottnáms legs hefur sjaldan verið lengri og biðtími eftir þessum aðgerðum heldur áfram að lengjast. Mest virðist muna um lokun skurðstofa á St. Jósefsspítala í kjölfar sameiningar við Landspítala á árinu 2011. Að öðru leyti var lítil breyting á fjölda þeirra sem beðið höfðu þrjá mánuði eða lengur eftir skurðaðgerð miðað við stöðuna í júní sl. Heildaryfirlit yfir stöðu á

biðlistum síðustu ára til og með í október 2012 er að finna á síðunni [Biðlistar - tölur](#) á vefsetri Embættis landlæknis.

Aðgerð á augasteini

Bið eftir skurðaðgerð á augasteini hefur aukist jafnt og þétt allt frá júní 2011, eins og mynd 1 sýnir. Í október sl. höfðu 1.220 einstaklingar beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð, samanborið við 858 í júní sl. og 591 einstakling í október 2011. Þetta er 42% aukning frá því í júní sl. og meira en tvöfalt fleiri eru á biðlistanum nú miðað við sama tíma fyrir ári.

Fjölgun hefur orðið á biðlistunum á öllum stofnunum nema Sjúkrahúsinu á Akureyri. Áætlaður biðtími eftir aðgerð hefur einnig aukist, en hann er stystur hjá Sjónlagi (38 vikur), Lasersjón (30–52 vikur) og lengstur hjá Landspítala (74 vikur). Alls hafa 1.066 aðgerðir á augasteini verið framkvæmdar frá janúar - október 2012. Aðgerðum fækkaði um 33,5% frá árinu 2010 til ársins 2011 (úr 2.653 í 1.764).



Biðtími eftir hjarta- og/eða kransæða- myndatöku að með- töldum kransæða- vikkunum


Biðtími vegna hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkkunar meðtaldar) virðist vera að aukast. Alls eru 50 á biðlistanum núna, en á sama tíma fyrir ári voru 39 á biðlistanum og eingöngu 17 í október 2010. Fjöldi á þessum

Mynd 1. Fjöldi einstaklinga sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir aðgerð á augasteini frá október 2010—október 2012.

Bið eftir skurðaðgerð á augasteini og aðgerðum vegna legsigs og brotnáms legs hefur sjaldan verið lengri.

biðlista hefur verið árstíðabundinn og hefur hápunkturinn verið í október, sbr. mynd 2. Áætlaður biðtími er nú 4,8 vikur en var 4,5 vikur á sama tíma fyrir ári. Alls hafa 1.215 aðgerðir verið framkvæmdar frá janúar–október 2012. Fjöldi aðgerða var samtals 1.787 á árinu 2011, sem var 0,4% fækkun frá árinu 2010.

meira en ár (65 vikur). Biðtíminn var hins vegar einungis tæpar 5 vikur í október 2010. Áætlaður biðtími á Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur hins vegar haldist stöðugur, 3–6 vikur. Fjöldi aðgerða árið 2011 var 483, þremur aðgerðum fleiri en árið 2010.




Mynd 2. Fjöldi einstaklinga sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkanir meðtaldar) frá október 2010—október 2012.

Aðgerð vegna legsigs

Konum sem beðið hafa lengur en 3 mánuði eftir aðgerð vegna legsigs hefur haldið áfram að fjölga, en þær voru 228 í október sl., sbr. mynd 3. Þetta er tæplega 11% aukning frá því í júní sl. og 56% aukning miðað við sama tímabil árið 2011. Áætlaður biðtími á Landspítala, þar sem flestar aðgerðirnar eru framkvæmdar, er nú

Aðgerð vegna brjóstaminnkunar

Sextíu konur voru á biðlista eftir aðgerð til brjóstaminnkunar, sem er fjölgun um 9 einstaklinga frá því í júní sl. Á sama tíma fyrir ári voru 67 konur á biðlistanum. Líðlega tvöfalt fleiri brjóstaminnkunaraðgerðir hafa verið framkvæmdar árlega á Landspítala frá lokun St. Jósefsspítala árið 2011 (úr 21 árið 2010 í 48 árið 2011). Áætlaður biðtími eftir aðgerð er rúmt ár. Aðgerðum fækkaði um 32% á milli árunna 2010 og 2011.



Mynd 3. Fjöldi kvenna sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir aðgerð vegna legsigs frá október 2010—október 2012.

Aðeins fjórir voru á biðlista eftir kransæðaaðgerð og aðgerð á hjartalokum í október síðastliðnum.

Aðgerð vegna legnáms

Biðlisti eftir legnámsaðgerð heldur áfram að lengjast. Í október 2012 voru 62 konur á biðlistanum, en þær voru 45 í júní sl. og 42 á sama tíma fyrir ári. Áætluð bið á Landspítala er nú 15,5 vikur, en var 5,7 vikur í október 2010. Áætlaður biðtími á Heilbrigðisstofnun Vesturlands er sá sami og áður, eða 3–6 vikur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaðan biðtíma á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Aðgerðum fjölgaði um 7,6% á milli árunna 2010 og 2011.

Aðgerð vegna gallsteina

Fjöldi á biðlista eftir gallsteinaaðgerð hefur þrefaldast miðað við mælingar í júní sl. Einnig voru heldur fleiri á biðlista í október 2012 miðað við sama tíma fyrir ári. Áætlaður biðtími eftir aðgerð er svipaður, eða 5,8 vikur á Landspítala og 2–4 vikur á Heilbrigðisstofnun

Áætlaður
biðtími eftir
gerviliðaaðgerð
á hné er nú
45–60 vikur.

Vesturlands. Aðgerðum fjölgaði lítillega á milli árunna 2010 og 2011.


Aðgerð vegna gerviliðs í hné

Einstaklingum sem biða eftir gerviliðaaðgerðum á hné fjölgaði eftir því sem leið á árið, en í október sl. höfðu 287 einstaklingar beðið lengur en 3 mánuði eftir slíkri aðgerð, samanborið við 266 í júní sl. Á sama tíma fyrir ári voru 269 einstaklingar á biðlistanum. Áætlaður biðtími eftir aðgerð er nú 45–60 vikur. Árið 2011 var

441 aðgerð framkvæmd, sem er 20% aukning frá árinu 2010.

Einungis 4 voru á biðlistanum eftir kransæðaaðgerð og aðgerð á hjartalokum í október síðastliðnum. Einnig er lítil breyting á biðlista vegna þindarslits og gerviliðaaðgerða á mjöðm.

G. Auður Harðardóttir



Mynd 4. Fjöldi einstaklinga sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir gerviliðaaðgerð á hné frá október 2010—október 2012.

STARFSLEYFI HEILBRIGÐISSTÉTTA 2012

Þann 1. janúar 2013 tóku gildi ný [lög um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012](#), og reglugerðir um heilbrigðisstéttir. Þar með falla niður lög og reglugerðir sem gilt hafa um einstakar heilbrigðisstéttir, en í þeirra stað eru settar reglugerðir um hverja stétt á grundvelli nýju löggjafarinnar.

Reglugerðirnar hafa verið unnar í velferðaráðuneytinu í samstarfi við Embætti landlæknis. Þær eru að verulegu leyti byggðar á gildandi lögum og reglugerðum um heilbrigðisstéttir en eru jafnframt lagaðar að ákvæðum hinna nýju laga, nr. 34/2012. Með nýju lögunum bættist ein ný stétt löggiltra heilbrigðisstarfsmanna við, sem eru tannsmiðir. Þá bættist ein ný stétt í hóp þeirra sem sótt geta um sérfræðileyfi, en það eru ljósmæður sem geta eftir setningu

reglugerðar sótt um slíkt leyfi.

Embætti landlæknis gefur út starfsleyfi og sérfræðileyfi löggiltra heilbrigðisstarfsmanna sem hafa lögverndað starfsleyfi á Íslandi. Leyfin eru gefin út á grundvelli menntunar hér á landi eða erlendis. Starfs- og sérfræðileyfi þeirra sem hafa starfsleyfi á EES-svæðinu eru staðfest eftir því sem við á samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum samkvæmt EES-samningnum og tilskipun Evrópuþingsins og Evópuráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005. Embætti landlæknis gefur einnig út vottorð fyrir þá sem hafa lögverndað starfs- eða sérfræðileyfi á Íslandi og þurfa að fá það staðfest hér á landi eða erlendis.

Fjöldi útgefina almennra starfsleyfa 2012

Heilbrigðisstéttir			
Áfengis- og vímuefnaráðgjafar		Næringarfræðingar	8
Félagsráðgjafar	29	Næringarráðgjafar	1
Fótaaðgerðafræðingar	8	Næringarrekstrarfræðingar	
Geislafræðingar	8	Osteópatar	
Hjúkrunarfræðingar	95	Sálfræðingar	29
Hnykkjar	1	Sjöntækjafræðingar	1
Iðjubjálfar	21	Sjúkraflutningamenn	47
Lífeindafræðingar	16	Sjúkraliðar	129
Ljósmeður	11	Sjúkranuddarar	
Lyfjafræðingar	19	Sjúkraþjálfarar	17
Lyfjatæknar	8	Stoðtækjafræðingar	1
Læknar	61	Talmeinafræðingar	4
Læknaritarar	9	Tannfræðingar	
Matartæknar	11	Tannlæknar	6
Matvælafræðingar		Tanntæknar	1
Náttúrufraeðingar	1	Þroskaþjálfarar	38
Samtals			580

Í meðfylgjandi töflum má sjá fjölda útgefina almennra starfsleyfa, sérfræðileyfa og vottorða vegna starfsleyfa sem Embætti landlæknis gaf út árið 2012.

Fjöldi útgefina sérfræðileyfa 2012

Heilbrigðisstéttir	
Hjúkrunarfræðingar	9
Lífeindafræðingar	1
Læknar	46
Sálfræðingar	8
Sjúkraþjálfarar	4
Tannlæknar	1
Samtals	69

Vottorð vegna starfsleyfa 2012

Heilbrigðisstéttir	
Almennir læknar	12
Sérfræðilæknar	22
Hjúkrunarfræðingar	6
Ljósmeður	3
Tannlæknar	1
Lyfjafræðingar	2
Sjúkraþjálfarar	3
Sjöntækjafræðingar	1
Samtals	50

Anna Björg Aradóttir